

Fimmtudaginn 30. nóvember 1995.

Nr. 286/1993.

**Landsbanki Íslands**

**f. h. þrotabús Árlax hf.**

(Jón Finnsson hrl.)

gegn

**Sjóvá – Almennum tryggingum hf.**

(Haraldur Blöndal hrl.)

Vátryggingar. Iðgjöld. Skuldajöfnuður. Fiskeldi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1993. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 9.427.265,70 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 6.045.670,70 krónum frá 1. október 1989 til 1. desember sama ár, en af 9.427.265,70 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 2.706.896,20 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 1. desember 1989 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst áfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 13.-15. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga mátti stefndi segja upp fiskeldistryggingu Árlax hf. vegna vanskila á iðgjöldum, en það var ekki gert. Með þessari athugasemd, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Landsbanki Íslands fyrir hönd þrotabús Árlax

hf., greiði stefnda, Sjóvá – Almennum tryggingum hf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. maí 1993.**

Mál þetta, sem dómtekið var 15. mars sl., er höfðað með stefnu, þingfestri 20. september 1990, af Landsbanka Íslands v/Samvinnubanka Íslands hf. f. h. þrotabús Árlax hf., Bankastræti 7, Reykjavík, gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

#### *Dómkröfur.*

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru aðallega þær, að stefnt hlutafélag verði dæmt til að greiða stefnanda 9.427.265,70 kr. auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma af 6.045.670,70 kr. frá 1. október 1989 til 1. desember s. á., en af 9.427.265,70 kr. frá þeim degi til greiðsludags og vaxtauppfærslu á tólf mánaða fresti með vísan til 5. gr. laga nr. 67/1989, sbr. lög nr. 25/1987. Til vara er sú krafa gerð, að stefnt hlutafélag verði dæmt til þess að greiða stefnanda 2.706.896,20 kr. auk dráttarvaxta, hinna sömu og greinir í aðalkröfu, frá 1. desember 1989. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á 95.614,05 norskum krónum, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu skuldar. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda að mati dómsins.

#### *Málavextir.*

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að fiskeldisfyrirtækið Árlax hf. hafi árið 1987 leitað til Samvinnubanka Íslands hf. um lánveitingar til að fjármagna daglegan rekstur félagsins. Um hafi verið að ræða svonefnd framleiðslulán, sem tryggð skyldu með veði í fiskafurðum félagsins.

Samvinnubanki hafi sett það skilyrði fyrir lánafyrirgreiðslu sinni, að fiskafurðir þær, sem veðsettar yrðu, væru jafnan vátryggðar, svo að tryggt yrði, að bankinn biði ekki tjón, ef hið veðsetta færi forgörðum. Af því tilefni hafi bankinn fengið yfirlýsingu frá Almennum tryggingum hf., þar sem staðfest var annars vegar, að framleiðsla Árlax hf. væri vátryggð og að sú trygging yrði ekki felld niður án undanfarandi tilkynningar til bankans, en hins vegar, að tjón, sem verða kynni á fiskafurðum Árlax hf., yrði ekki greitt félaginu nema því aðeins, að bankinn ætti þess kost að gæta hagsmuna sinna sem veðhafi. Yfirlýsing þessi sé dagsett 28. október 1987.

Hinn 29. ágúst 1989 hafi orðið tjón í eldisstöð Árlax hf. á Kópaskeri. Tvö

eldisker hafi brostið með þeim afleiðingum, að allur fiskur, sem í þeim var, drapst. Jón Kristjánsson fiskifræðingur hafi metið tjón Árlax af völdum þessa áfalls og niðurstaða hans verið á þá leið, að bótaskyld tjón, sem tryggingafélaginu bæri að greiða Árlaxi hf., næmi 631.878,00 norskum krónum. Þessi niðurstaða sé of lág að mati stefnanda. Heildarverðmæti þess fisks, sem drapst, hafi numið NOK 1.182.180,00, en lánshlutfall bankans verið 62,5% af heildarverðmæti, sem hefði átt að leiða til þess, að öll tryggingarfjárhæðin gengi til Samvinnubankans.

Í stað þess að greiða Samvinnubankanum alla bótafjárhæðina sem handhafa 1. og 2. veðréttar í afurðunum hafi Sjóvá-Almennar tryggingar hf., sem tekið höfðu við rekstri Almennra trygginga hf., tilkynnt, að ekki kæmi til neinnar greiðslu til veðhafa, þar sem Árlax hf. skuldaði iðgjöld, sem næmu hærri fjárhæð en hið bótaskylda tjón, og myndu tryggingarbæturnar verða teknar upp í áfallnar iðgjaldsskuldir. Þessari afstöðu hafi verið mótmælt og greiðslu krafist á tryggingarbótum með bréfi til Sjóvá-Almennra trygginga hf., dags. 29. september 1989.

Í byrjun nóvembermánaðar 1989 hafi stjórn Árlax hf. óskað eftir því, að félagið yrði tekið til gjaldþrotaskipta, og hafi úrskurður um gjaldþrotaskipti félagsins verið kveðinn upp 7. nóvember 1989.

Hinn 20. nóvember 1989 hafi aftur orðið tjón í fiskeldisstöð Árlax hf. á Kópaskeri. Jón Kristjánsson hafi enn verið kvaddur til mats á tjóninu, og hafi niðurstaða hans verið sú, að tjón Árlax hf., sem þá hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, næmi NOK 195.042,00. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafi einnig skuldajafnað þessari fjárhæð við iðgjaldsskuld þrotabúsins, en boðið fram greiðslu mismunarins, sem hafi numið 892.136,45 íslenskum krónum skv. þeirra útreikningi.

Stefnandi kveðst höfða mál þetta til þess að fá úr því skorið annars vegar, hvort stefndu tryggingafélagi sé heimilt að skuldajafna tryggingabótum við iðgjaldsskuldir Árlax hf. og síðar þrotabús félagsins og ganga þannig á rétt stefnanda sem veðhafa í afurðum Árlax hf. og þrotabús þess, og hins vegar til úrlausnar á því, hvert umfang tjóns Árlax hf. og síðar þrotabús þess hafi verið. Aðalkrafan sé reist á því, að stefndu hlutfélagi hafi verið kunnugt um, að afurðir Árlax hf. voru veðsettar stefnanda, og því borið að tilkynna stefnanda um vanskil iðgjalda nægilega tímanlega, svo að stefnandi yrði ekki fyrir tjóni, ef hið tryggða færi forgörðum.

Ljóst sé, að stefnandi myndi ekki hafa veitt Árlaxi hf. framleiðslulán, ef sú vitneskja hefði legið fyrir, að veruleg vanskil væru á greiðslu iðgjalda og stefnt hlutfélag hygðist beita skuldajöfnuði til greiðslu iðgjaldsskuldarinnar, ef tjón yrði. Veðréttur stefnanda væri með því verulega skertur og í raun

niður fallinn, sé tekið tillit til þess, að eigin áhætta tryggingartaka í hverju tjóni sé 25% af hinu tryggða.

Aðalkrafa stefnanda sé samkvæmt framansögðu studd því, að stefndu hlutafélagi hafi verið óheimilt að beita skuldajöfnuði í því skyni að jafna iðgjaldsskuld Árlax hf. og ryðja þannig úr vegi veðrétti stefnanda. Einnig sé vísað til þess, að verðmætamat Jóns Kristjánssonar fiskifræðings hafi í báðum tilvikum verið of lágt. Varakrafan sé rökstudd með þeim hætti, að jafnvel þótt heimilt sé að skuldajafna ógreiddum iðgjöldum við það tjón, sem varð hjá Árlaxi hf. og þrotabúi félagsins, hafi tjónið orðið stórfelldara en talið var af fulltrúa tryggingafélagsins.

Tjón 29. ágúst 1989.

Tankur	Fjöldi	Meðalþungi	Heildarþungi	NOK	Samtals NOK
A/B	30.916	102 gr	3.153,43 kg	21	649.236
B	2.356	250 gr	589,00 kg	23	54.188
E	4.733	1,31 kg	6.200,2 kg	35	217.008
F	39.849	413 gr	16.457,6 kg	27	1.075.923
G	10.996	1,18 kg	12.975 kg	35	454.125
Heildartjón					2.450.480
Eigin áhætta 25% af heild eða NOK 612.620					
Allur fiskur í tönkum E og F glataðist.					
Tjón skv. framansögðu nam því					NOK 1.292.931
(217.008 + 1075.923)					
Eigin áhætta					612.620
					680.311
Bótaskyld tjón					NOK 650.163

Það athugist, að fiskur yfir eitt kílógramm að þyngd er verðlagður pr. kíló, en fiskur undir einu kílógrammi verðlagður eftir fjölda einstaklinga.

Tjón 20. nóvember 1989.

Tankur	Fjöldi	Meðalþungi	Heildarþungi	NOK	Samtals NOK
A	11.328	88 gr	996,80	10,69	121.096,00
G		ca. 1,5 kg	5.382,9	31,64	169.346,05
G		ca. 2,5 kg	4.667,5	34,60	161.496,50
G	Kynþroska fiskur		6.179,5	31,46	194.407,05
Heildartjón					646.345,60
Eigin áhætta 25% af heild					161.586,40

Allur fiskur í tanki G glataðist.

Samkvæmt framansögðu nam því heildartjón	NOK 525.249,60
Eigin áhætta	<u>161.586,40</u>
Bótaskyld tjón	NOK 363.663,20

Við framangreinda sundurliðun sé stuðst við verðmætaskrá, sem tryggingafélög gefa út til viðmiðunar við ákvörðun iðgjalda af fiskeldistryggingum, annars vegar gildandi gjaldskrá í ágúst 1989, að því er fyrra tjónið varðar, en hins vegar á verðmætaskrá í gildi í nóvember 1989, að því er varðar síðarnefnda tjónið.

Áðurnefndur Jón Kristjánsson fiskifræðingur hafi verið fulltrúi hins stefnda hlutafélags við mat á tjónbótum til Árlax hf. og þrotabús þess. Virðist hann hafa miðað mat sitt við gjaldskrá fiskeldisstöðva í þeim tönkum, þar sem ekkert tjón varð, en beitt annarri viðmiðun við mat sitt á þeim fiski, sem eyðilagðist. Þeir liðir séu undirstrikaðir og feitlettraðir í ofangreindum tveimur yfirlitum, þar sem Jón Kristjánsson víki frá gildandi verðmætaskrá að mati stefnanda.

Aðalkrafa stefnanda sé því þannig fundin:

Tjónbætur vegna tjóns 29. ágúst 1989.	
NOK 650.163,00,	
gengi 9.2987	ÍSL kr. 6.045.670,70

Tjónbætur vegna tjóns 20. nóvember 1989.	
NOK 363.663,20,	
gengi 9.2987	<u>ÍSL kr. 3.381.595,00</u>
	<u>ÍSL kr. 9.427.265,70</u>

Varakrafa er fundin þannig:

Skuld Árlax hf. 1. september 1989, sbr. bréf stefnds hlutafélags, dags. 11. janúar 1990, nam NOK 803.558,00 að frádrögnum greiðslum í maí og júní 1989, samtals NOK 80.836,80	NOK 722.721,40
Tjón 1	<u>650.163,00</u>
Skuld Árlax hf.	72.558,40
Tjón 2	<u>363.663,20</u>
Inneign	NOK 291.104,80
Gengi norskrar krónu 9.2987	
Varakrafa því ÍSL kr. 2.706.896,20.	

Stefnandi hafi fengið heimild hjá þrotabúi Árlax hf. til að höfða mál

þetta með því skilyrði, að þrotabúið yrði ekki fyrir fjáruhlátum í því sambandi.

Á aðalfundi Samvinnubanka Íslands hf., sem haldinn var 27. apríl 1990, hafi verið samþykkt að sameina bankann Landsbanka Íslands, en reka Samvinnubankann áfram sem sjálfstæða rekstrareiningu innan Landsbankans. Málið sé því höfðað í nafni Landsbanka Íslands vegna Samvinnubankans hf.

Af hálfu stefnda er málavöxtum svo lýst, að Árlax hf. hafi verið í viðskiptum hjá stefnda og keypt þar váttryggingar, m. a. fiskeldistryggingar. Hinn 19. maí hafi verið gefið út váttryggingarskírteinu vegna fiskeldis félagsins á Kópaskeri og gildistíminn verið 12. maí 1989 til 11. maí 1990. Hafi það verið í fyrsta sinn, sem keypt hafi verið trygging fyrir þessa stöð. Í skírteininu komi fram, hverjar váttryggingarfjárhæðir voru skv. áætlun og jafnframt hvaða einingaverð var lagt til grundvallar. Í skírteininu komi fram, að jafnframt því giltu meðfylgjandi skilmálar, og séu þeir á dskj. nr. 16.

Árlax hf. hafi veðsett Samvinnubankanum hf. fisk sinn. Hafi stefnda verið ókunnugt um þeirra lánsviðskipti. Er tjón varð í eldisstöð Árlax hf., hafi bankinn krafðið stefnda um greiðslu tjónbótanna. Stefndi hafi synjað um greiðslu tjónsins, en lýst yfir, að tjóninu yrði skuldajafnað á móti ógreiddum iðgjöldum í stað þess að beita ákvæði 14. gr. váttryggingasamningalaganna nr. 20/1954, en skv. því ákvæði sé félaginu ekki skylt að greiða tjón, ef iðgjald er ógreitt, þegar tjónsatburður verður. Tjónbótum vegna síðara tjónsins hafi verið skuldajafnað með sama hætti.

Hinn 7. nóvember 1989 hafi Árlax orðið gjaldþrota. Skiptastjóri þrotabúsins hafi haft samband við starfsmenn stefnda í janúar 1990 og óskað eftir uppgjöri. Hafi honum þá verið afhent uppgjör, sbr. dskj. nr. 10, en þar sé ranglega ritað árið 1989 í stað 1990. Hafi skiptastjóra verið tilkynnt um inn eign, að fjárhæð 892.235,45 ísl. kr., og hafi hún á útreikningsdegi numið NOK 95.624,66 krónum. Skiptastjóri hafi ekki viljað taka við fjárhæðinni, þótt hún væri boðin fram. Þessi fjárhæð sé enn tilbúin búinu til greiðslu, en ekki sé fært að greiða hana Samvinnubankanum hf., þar sem dskj. nr. 11, þ. e. framleiðslulán til fiskeldisstöðva, sé ekki veðskuldabréf, eins og síðar verði vikið að.

#### *Málsástæður.*

Málsástæður stefnanda til stuðnings aðalkröfu eru þær, að óheimilt hafi verið að beita skuldajöfnuði, eins og á stóð, og í annan stað, að tjónið hafi orðið mun meira en fulltrúi stefnds tryggingafélags taldi það vera. Varakrafan er rökstudd með þeim hætti, að jafnvel þótt heimilt sé að skulda-

jafna ógreiddum iðgjöldum við það tjón, sem varð hjá Árlaxi hf. og þrotabúi félagsins, hafi tjónið orðið stórfelldara en talið hafi verið af fulltrúa tryggingafélagsins.

Að því er fyrra atriðið varðar, vísar stefnandi til yfirlýsingar stefnds tryggingafélags frá 28. október 1987, þar sem því sé heitið að fella ekki niður váttryggingar á framleiðslu Árlax hf. án undanfarandi tilkynningar til Samvinnubankans þar að lútandi, sbr. dskj. nr. 3. Samvinnubankinn hafi sett það að skilyrði fyrir framleiðslulánum til Árlax hf., að framleiðsla félagsins væri jafnan váttryggð. Þetta muni vera ófrávikjanlegt skilyrði í lánsviðskiptum af þessu tagi, enda mikið í húfi og framleiðslan viðkvæmari og hættara við tjóni en almennt gerist, eins og dæmin sanna. Augljóst sé, að Samvinnubankinn hefði ekki veitt Árlaxi hf. framleiðslulán, ef vitneskja hefði legið fyrir um iðgjaldsskuld Árlax hf. við stefnt tryggingafélag og skuldajöfnunarhugmyndir þess. Þess hefði a. m. k. verið gætt, að hluti veittra lána hefði gengið til greiðslu á iðgjaldsskuldum Árlax hf. Yfirlýsingin á dskj. nr. 3 hafi orðið til þess, að hlutaðeigandi starfsmenn Samvinnubankans uggðu ekki að sér og töldu váttryggingu veðsettra afurða í fullu gildi. Svo sé að sjálfsögðu ekki, ef stefndu tryggingafélagi haldist uppi að beita skuldajöfnuði.

Um síðari málsástæðu stefnanda sé þetta að segja:

Fram komi í stefnu, að Jón Kristjánsson fiskifræðingur mat tjón Árlax hf., sem varð 29. ágúst 1989, og einnig tjónið 20. nóvember 1989, en Árlax hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, er það varð.

Tryggingafélög, sem tryggi fiskeldi, hafi komið sér saman um verðmæta-mat fisks á ýmsu þroskastigi. Þessi verðskrá sé sett til þess að ákvarða þau verðmæti, sem séu í húfi hjá viðkomandi fiskeldisstöð hverju sinni, og séu iðgjöld reiknuð út frá því. Fiskifræðingurinn víki frá gildandi verðskrá í tveimur tilvikum, að því er fyrra tjónið varðar, annars vegar við mat á fiski í tanki E og hins vegar við mat á tjóni í tanki F. Samkvæmt gildandi verðskrá hafi fiskur á bilinu 1–2 kg verið verðmetinn á NOK 35,00, en í matsgerð Jóns fiskifræðings sé mat hans á fiski af þessari stærð NOK 22,00.

Tekið er fram til skýringar á niðurstöðutölu í stefnu, þar sem fjallað sé um tjónið frá 29. ágúst 1989, að láðst hafi að geta þess, til að fullt samræmi fái st, að Árlax hf. hafi selt óverulegan hluta fisksins, sem drapst, er kerin sprungu, fyrir NOK 40.048,00 að frádregnum sláturkostnaði n.kr. 9.900, þ. e. nettó NOK 30.148,00. Þannig reiknað sé niðurstaða sem hér segi: 680.311,00–30.148,00 = 650.163,00.

Um síðara tjónið sé það að segja, að þar meti umræddur fiskifræðingur fisk í tanki G, sem hér segi: fisk 1–2 kg á NOK 22,50, fisk 2–3 kg á NOK 26,50 og kynþroska fisk á NOK 9,00 hvert kg.

Í verðmætaskrá, sem í gildi sé frá 1. september 1989, sé verðið þetta:

Fiskur 1–2 kg NOK 31,46, fiskur 2–3 kg NOK 34,60, en kynþroska fiskur hafi ekki verið verðmetinn, sjá dskj. nr. 9.

Að því er varði kynþroska fisk, sé það að segja, að hér sé um að ræða fisk, sem ætti að verðmeta á NOK 34,60, hvað stærð snerti. Kynþroski gangi yfir, en á meðan á því standi, þurfi að ala fiskinn, og því hafi verið brugðið á það ráð að verðmeta hann á NOK 31,60, svo að allrar sanngirni væri gætt.

Af hálfu stefnda er til þess vísað, að Almennar tryggingar hf. hafi nú sameinast stefnda, og hafi það félag tekið við skuldbindingum hins fyrrnefnda. Samkomulag á dskj. nr. 3 milli Samvinnubanka Íslands hf. og Almennra trygginga hf. taki því til stefnda. Á hinn bóginn fjalli það samkomulag einungis um fiskeldisstöð Árlax hf. í Ártungu, en váttrygging vegna Kópaskers hafi ekki verið keypt fyrr en árið 1989. En jafnvel þótt litið væri svo á, að samkomulagið næði jafnframt til fiskeldisstöðvar Árlax hf. á Kópaskeri, hafi stefndi fyllilega staðið við það, sem heitið var í skjalinu, en þar var því lofað, að tryggingin yrði ekki felld niður án undanfarandi tilkynningar til bankans. Jafnframt hafi því verið heitið, að félagið myndi tilkynna bankanum sem veðhafa, áður en til tjóngreiðslna kæmi, svo að bankinn gæti neytt réttar síns sem veðhafi, ef þurfa þætti.

Eins og fyrr greini, hafi stefnda verið öldungis ókunnugt um fyrirkomulag lánsviðskipta Samvinnubankans hf. og Árlax hf. og þá meðal annars, hvort um væri að ræða lánsviðskipti í eitt skipti, þ. e. í október 1987, eða langvinn lánsviðskipti, sem krefðust veðsetningar á framleiðslu framvegis. Stefnda hafi aldrei verið gerð nein grein fyrir lánssamningi aðila og alls ekki um efni 2. mgr. 8. gr. samningsins. Þá hafi stefnda aldrei borist nein skilaboð eða tilkynningar frá Samvinnubankanum hf. um skuldir Árlax hf. við bankann.

Það sé grundvallarregla í váttryggingarrétti, að séu iðgjöld ekki greidd, geti félagið felld trygginguna niður. Samkomulag hafi verið um, að félagið felldi ekki tryggingu niður án þess að láta Samvinnubankann hf. vita, svo að bankinn gæti greitt iðgjaldið og þannig haldið tryggingunni við. Stefndi hafi ákveðið að fella trygginguna ekki niður. Hins vegar hafi iðgjöldum verið skuldajafnað, og sé það í samræmi við áralanga viðskiptavenju hjá íslenskum váttryggingafélögum, þegar um er að ræða fyrirtæki, sem eru í föstum viðskiptum.

Eftir að Árlax hf. varð gjaldþrota, hafi stefndi síðan að sjálfsgöðu getað notfært sér skuldajafnaðarrétt sinn skv. 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Peirri málsástæðu stefnanda, að stefndi hafi ákveðið tjónbætur of lágar, er harðlega mótmælt af hálfu stefnda.

Iðgjald af hinu tryggða sé ákveðið í váttryggingarskilmálunum á dskj. nr. 16. Segi í 5. gr., að í upphafi váttryggingartímabilsins eigi að reikna iðgjaldið af meðaltali áætlaðs verðmætis hins váttryggða á tímabilinu. Þetta sé bráðabirgðaiðgjald, og skuli endurskoða það í lok váttryggingartímabilsins. Komi til tjóns, greiðist fullt ársiðgjald. Ekki sé ágreiningur um það í málinu.

Í 8. gr. skilmálanna segi, að bótaskylda félagsins takmarkist annars vegar við váttryggingarfjárhæðina, en hins vegar við það einingaverð, sem fram sé tekið í skírteininu, að frádreginni sjálfsábyrgð, en hún var 25% hjá Árlaxi hf. Sjálfsábyrgðin skuli miðuð við heildarváttryggingarfjárhæð hins tryggða við upphaf tjóns, sbr. 9. gr.

Í 2. mgr. 8. gr. skilmálanna segi svo: „Félagið greiðir þó aldrei hærri bæt-ur en nemur raunverulegu verðmæti hins váttryggða, sem tjón hefur orðið á, að frádreginni sjálfsábyrgð.“

Í stefnu komi fram, að einungis sé ágreiningur um, hvernig Jón Kristjánsson fiskifræðingur áætli verð á 1–2 kg laxi, 2–3 kg laxi og hrygningarlaxi (kynþroska fiski). Aflað hafi verið nýrrar skýrslu Jóns um mat hans og forsendur hans, sbr. dskj. nr. 17. Í því skjali komi fram, að Jón reiknar verð á laxi töluvert hærra en fékkst á mörkuðum, en bætur vegna 1–2 kg lax reikni hann á 22,00 NOK/kg, en það hafi verið í ágúst 1989 17,81 kg, en í nóvember 1989 20,29 NOK/kg. Verð á 2–3 kg laxi hafi verið ákveðið 26,50 NOK/kg, en hafi verið í nóvember 1989 21,89 NOK/kg. Verð á hrygningarfiski hafi verið ákveðið 9 NOK/kg, en hafi verið í nóvembermánuði 7,78 NOK/kg. Sé um forsendur Jóns vísað til greinargerðar hans að öðru leyti. Rétt sé að taka fram, að í ágústtjóninu hafi einungis orðið tjón á 1–2 kg laxi, en í nóvembertjóninu hafi orðið tjón á 1–2 kg laxi, 2–3 kg laxi og hrygningarfiski. Enn fremur sé vísað til dskj. nr. 18, en þar komi fram verð á laxi á sama tíma og hér um ræðir.

Af þessu sé ljóst, að Jón Kristjánsson meti verð á laxinum alls ekki of lágt, heldur nokkru hærra en markaðsverð var á tjónsdegi.

Eins og fyrr greini, hafi stefndi verið reiðubúinn til þess að greiða þrotabúinu þá inneign, sem það eigi, og séu dómkröfur við það miðaðar. Stefndi telji sig ekki eiga að greiða Samvinnubanka Íslands hf. skuldina, enda sé skjalið á dskj. nr. 11 alls ekki veðskuldabréf. Þar sé talað um lán í SDR, en það sé skammstöfun fyrir hugtakið „sérstök dráttarréttindi“ og sé því ekki peningar. Veðskuldabréf verði að hljóða um skuld í einhverri gjaldgengri mynt, en ekki hugtökum eins og t. d. kúrverðum, dagsverkum, lánskjaravísitölu o. s. frv. Sé skjal þetta marklaust.

Vaxtakröfu sé mótmælt, en féð hafi verið til reiðu af hálfu stefnda síðan í janúar 1990. Eigi stefnandi því ekki rétt til vaxta, en verði ekki fallist á það,

er því haldið fram, að einungis eigi að greiða lægstu innlánsvexti af fjárhæðinni.

#### *Niðurstaða.*

Óumdeilt er, að Árlax hf. keypti hjá stefnda fiskeldistryggingar vegna fiskeldis, er Árlax hf. stundaði að Ártungu; Kelduneshreppi, Norður-Pingeyjarsýslu, og á Kópaskeri. Enda þótt vanskil hafi orðið á iðgjaldagreiðslum Árlax hf. til stefnda, liggur ekki fyrir annað en Árlax hf. hafi viljað halda tryggingum þessum í gildi.

Með því að vanskil voru á umræddum iðgjöldum, gat stefndi skv. 13. gr. laga nr. 20/1954 sagt tryggingunni upp, en eins og áður er rakið, kom ekki til þess, og er tjón varð hjá stefnda 29. ágúst 1989 og 20. nóvember 1989, var viðurkennt, að umræddar tryggingar væru í gildi og sömuleiðis ábyrgð stefnda á tjóninu.

Telja verður með vísan til áður nefndrar 13. gr., að skilyrði þess, að trygging geti verið í gildi, sé, að iðgjald sé af henni greitt. Telja verður því með vísan til þess svo og, að ekki liggur fyrir, að Árlax hf. hafi viljað segja upp umræddum tryggingum, að stefnanda hafi verið heimilt, eins og á stóð, að skuldajafna vangreiddum iðgjöldum Árlax hf. við batur greiddar til félagsins, enda hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu stefnanda, að um skilyrði skuldajafnaðar hafi ekki verið að ræða í umræddu tilviki.

Eins og fram er komið, hafði félagið Árlax hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta, er tjónið varð 20. nóvember 1989. Telja verður, að stefnda hafi með sömu rökum og áður greinir svo og með vísan til 1. mgr. 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 verið skuldajöfnuður heimill með sama hætti.

Fyrir liggur, að allt umrætt tjón Árlax hf. varð í fiskeldinu á Kópaskeri. Þá er og upplýst, að vangreidd iðgjöld voru bæði vegna tryggingar fiskeldis í Ártungu og á Kópaskeri. Enda þótt váttryggingarskírteini hafi verið gefin út sérstaklega, annars vegar fyrir fiskeldið í Ártungu og hins vegar fyrir fiskeldið á Kópaskeri, verður ekki talið, að það breyti neinu um rétt stefnda til skuldajafnaðar, enda tryggingartakinn hinn sami í báðum tilvikum.

Kemur þá til álita þýðing yfirlýsingar Almennra trygginga hf. á dskj. nr. 3 til Samvinnubanka Íslands hf., sem var veðhafi í hinu váttryggða, í þessu sambandi.

Í yfirlýsingunni segir svo:

„Efni: Fiskeldistrygging Árlax hf. hjá Almennum tryggingum hf.

Með bréfi þessu viljum við staðfesta, að ofangreind váttrygging, sem í gildi er hjá félaginu, verður ekki felld niður án undanfarandi tilkynningar til yðar.

Félaginu er kunnugt um, að þér eruð veðhafi í hinu váttryggða, og komi til tjóns, mun félagið tilkynna yður um það, áður en til greiðslu tjónbóta kemur, svo að þér gætuð neytt réttar yðar sem veðhafi, ef þurfa þætti.“

Í fyrrgreindri yfirlýsingu þykir ekki felast annað en þar segir, þ. e., að tryggingafélagið skuldbindur sig til þess að tilkynna Samvinnubankanum, verði umrædd trygging felld niður, og komi til tjóns, að tilkynna bankanum um það, áður en til greiðslu tjónbóta komi. Verður ekki af yfirlýsingunni ráðið, að félagið skuldbindi sig til þess að tilkynna Samvinnubankanum um það, komi til vanskila á iðgjöldum, eða veita upplýsingar um skuldastöðu félagsins hjá stefnda, enda liggur ekki fyrir, að nein upplýsingamiðlun eða önnur samskipti hafi farið fram milli Samvinnubankans og stefnda vegna starfsemi Árlax hf., frá því að fyrrgreind yfirlýsing var gefin 28. október 1987, þar til tjón varð í ágúst 1989. Bar Þorvarður Sæmundsson, deildarstjóri hjá stefnda, að félaginu hefði ekki verið um það kunnugt árið 1989, hvort Árlax hf. skuldaði Samvinnubanka Íslands eða ekki. Félagið hafi ekki fengið neinar sjálfstæðar yfirlýsingar frá bankanum þar að lútandi. Þykir því ekki sýnt fram á, að nefnd yfirlýsing standi því í vegi að heimila skulda-jöfnuð með þeim hætti, sem að framan er rakið.

Ágreiningur er ekki í málinu um fjárhæð vangreiddra iðgjalda Árlax hf., eins og þau koma fram í uppgjöri frá stefnda á dskj. nr. 10. Ágreiningur er ekki heldur um umfang tjónsins, þ. e., hve mikið af fiski fór forgörðum. Ágreiningur er hins vegar um það, hvernig meta skuli tjónið.

Í 8. gr. váttryggingarskilmála fyrir fiskeldistryggingu segir um ákvörðun bótafjárhæða:

„Bótaskylda félagsins takmarkast annars vegar við váttryggingarfjárhæðina og hins vegar það einingaverð, sem fram er tekið í skírteininu, að frá-dreginni sjálfsábyrgð, sbr. 9. gr. Félagið greiðir þó aldrei hærri bætur en nemur raunverulegu verðmæti hins váttryggða, sem tjón hefur orðið á, að frá-dreginni sjálfsábyrgð.“

Upplýst er, að á umræddum tíma var við ákvörðun iðgjalda fiskeldistrygginga stuðst við verðmætaskrár Samsteypu íslenskra fiskeldistrygginga, sem gerð var í samvinnu tryggingafélaga og Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Óumdeilt er, að verðmætaskrá á dskj. nr. 5 var í gildi fyrir 1. september 1989, en verðmætaskrá á dskj. nr. 9 frá 1. september 1989. Líta verður svo á, að umræddir aðilar hafi orðið ásáttir um verðmæti eldis-fisks af ólíkum stærðum, eins og fram kemur í verðmætaskránni, með tilliti til væntanlegra verðmæta afurða eftir slátrun á hverjum tíma.

Eins og áður greinir, var Jón Kristjánsson fiskifræðingur fenginn af hálfu stefnda til þess að meta tjón Árlax hf. Er matsgerð hans vegna tjónsins 29.

ágúst 1989 dags. 11. september 1989. Matsgerð vegna tjónsins 7. nóvember 1989 er dagsett 4. desember 1989.

Samkvæmt fram lögðum matsgerðum eru niðurstöður hans um umrætt tjón eftirfarandi:

Tjón 29. ágúst 1989.

Tankar A og B:

Smá sjógönguseiði

Fjöldi seiða 17/8

32.955

Þyngd 29/8

102 g

13.696

114 g

Afföll 17-29/8

-37

Selt fyrir tjón

-15.698

Samtals

30.916

á NOK 21

= 649.236

Stór sjógönguseiði

Fjöldi seiða 17/8

4.015

Þyngd 29/8

250 g

Afföll 17-29/8

-7

Selt fyrir tjón

-1652

Samtals

2.356

á NOK 23

= 54.188

Heildarverðmæti í tönkum A og B

= 703.424

Tankur E

Fjöldi fiska 17/8 4.737

Afföll 17-29/8

-4

Samtals

4.733

Meðalþyngd í kg

1,31

Heildarþyngd í kg

6200,2

á NOK 22

= 136.405,1

Tankur F

Fjöldi fiska 17/8

39.849

Meðalþyngd

413 g

Afföll 17-29/8

0

Samtals

39.849

á NOK 27

= 1.075.923

Tankur G

Fjöldi fiska 17/8

10.996

Afföll 17-29/8

0

Samtals

10.996

Meðalþyngd í kg

1,18

Heildarþyngd í kg

12.975

á NOK 22

= 285.456,2

Heildarverðmæti á tjónsdegi	NOK 2.201.208
Eigin áhætta 25%	550.302,1

## Tjónsútreikningur:

Allur fiskur í tönkum E og F glataðist

Verðmæti fisks í tanki E	NOK 136.405,1
Verðmæti fisks í tanki F	1.075.923

Alls	NOK 1.212.328
------	---------------

1911 fiskum af meðalþyngd 1,31 var slátrað og þeir seldir

Alls 2503 kg á NOK 16/kg	NOK -40.048
--------------------------	-------------

Viðbótarkostnaður vegna slátrunar	9.900
-----------------------------------	-------

Frádráttarbært:	-550.302,1
-----------------	------------

Nettó-tjón, sem greiðist váttryggingartaka	631.878
--	---------

Matskostnaður, þ. m. t. ferðakostnaður o. fl., áætlað	40.000
---	--------

Bótaskyld tjón	NOK 671.878
----------------	-------------

Tjón 20. nóvember 1989

## Tankur A

11328 fiskar 88 g	á NOK 10,69	=NOK 121.096,3
-------------------	-------------	----------------

Samtals		NOK 121.096,3
---------	--	---------------

## Tankur G

5382,9 kg af fiski 1–2 kg	á NOK 22,5	= NOK 121.116,4
---------------------------	------------	-----------------

4667,5 kg af fiski 2–3 kg	á NOK 26,5	123.689,8
---------------------------	------------	-----------

6179,5 kg af kynþroska fiski	á NOK 9	55.615,5
------------------------------	---------	----------

Samtals		300.421,7
---------	--	-----------

Heildarverðmæti á tjónsdegi		NOK 421.518
-----------------------------	--	-------------

Frádráttarbært 25%		105.379,5
--------------------	--	-----------

## Tjónsútreikningur:

Allur fiskur í tanki G glataðist

Verðmæti fisks í tanki G	NOK 300.421,7
--------------------------	---------------

Heildartjón	300.421,7
-------------	-----------

Eigin áhætta	-105.379,5
--------------	------------

Nettó-tjón, sem greiðist tryggingartaka	NOK 195.042,2
---	---------------

Matskostnaður, þ. á m. ferðakostnaður o. fl., áætlað	12.000
--	--------

Bótaskyld tjón	NOK 207.042,2
----------------	---------------

Í geinargerð Jóns Kristjánssonar fiskifræðings á dskj. nr. 17 gerir hann grein fyrir því, hverjar forsendur hans eru við mat á umræddu tjóni. Telur

hann seiði og fisk undir einu kílóí ekki almenna markaðsvöru, heldur hráefni til að framleiða matfisk, sem beri að meta samkvæmt fyrrgreindum verðmætaskrá. Á hinn bóginn telur hann rétt að meta fisk yfir einu kílóí á markaðsverði, þar sem markaður hafi verið fyrir smá lax í Frakklandi á umræddum tíma. Kynþroska fisk, telur hann, að flokka beri frá við slátrun, og sé hann í raun verðlaus, en verðleggur hann á NOK 9 kílóíð með tilvísan til sölu, er átti sér stað á frákastsfiski, sbr. reikning á dskj. nr. 21.

Eins og fram kemur hér að framan, er ágreiningur ekki um mat á fiski undir einu kílóí. Deilt er um það, hvort fisk yfir einu kílóí beri að meta sem hráefni til matfiskseldis á sama hátt og smáfiskurinn var metinn eða hvort um hafi verið að ræða markaðsvöru, sem meta beri á markaðsverði, eins og það var á umræddum tíma.

Í matsgerð sinni á dskj. nr. 8 hefur Jón Kristjánsson eftir starfsmanni Árlax hf., Garðari Sverrissyni, að til hafi staðið að slátra mestöllum fiskinum í stöðinni á 1–2 vikna tímabili eftir síðara tjónið, þ. e. a. s. í lok nóvember eða fyrstu dagana í desember. Umræddur starfsmaður hefur ekki gefið skýrslu fyrir dómi.

Vitnið Hermann Eyjólfsson, hagfræðingur hjá Landsbanka Íslands og fyrrum starfsmaður Samvinnubanka Íslands, bar fyrir dómi, að engin ákvörðun hefði verið tekin um að slátra fiski í nóvember, heldur hafi það verið ætlun þrotabús Árlax hf. að ala fiskinn í þriggja kílóa stærð. Gegn andmælum stefnanda og með hliðsjón af framburði vitnisins Hermanns Eyjólfssonar telst fyrrgreind fullyrðing í matsgerð ósönnuð.

Ef titið er á verð, sem fékkst fyrir eldislax í Frakklandi á þessum tíma, sbr. dskj. nr. 18, kemur í ljós, að sama verð fékkst fyrir 1–2 kg og 2–3 kílóa stærðarflokka. Verð fyrir stærðarflokkinn 3–4 kíló er hins vegar verulega hærra.

Það er mat dómsins, að það eldismarkmið að ala fiskinn í þriggja kílóa stærð í stað þess að slátra honum sem smáfiski hafi með hliðsjón af því, sem áður greinir, verið bæði raunhæft og skynsamlegt, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að smá lax af stærðarflokki 1–2 kg sé hagkvæm markaðsstærð. Þótt aðrir framleiðendur hafi kosið að selja smá lax og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna tekist að finna markað fyrir hann í Frakklandi á þessum tíma, sbr. dskj. nr. 18, er ekki á það fallist, sbr. það, sem áður er rakið, að meta beri fisk stefnanda samkvæmt því markaðsverði.

Telja verður samkvæmt þessu, að sýnt hafi verið fram á, að ókynþroska fiskur, sem var yfir einu kílóí á tjónsdegi, hafi verið hráefni til framleiðslu, og beri því að meta hann samkvæmt verðmætaskrá Samsteypu íslenskra fiskeldistrygginga á sama hátt og seiði og fisk undir einu kílóí, enda er það

verðmætamat, sem málsaðilar hafa orðið ásáttir um og iðgjöld eru reiknuð eftir, eins og áður er rakið.

Ágreiningur er einnig um verðmætamat á 6.179,5 kílóum af kynþroska laxi, sem drapst 20. nóvember 1989. Fallast má á, eins og fram hefur komið, að kynþroska fiskur fari í frákast við slátrun. Þá er einnig fallist á þá röksemd Jóns Kristjánssonar í greinargerð hans á dskj. nr. 17, að það taki 4–6 mánuði fyrir fisk að ná þeirri þyngd og holdstuðli, sem hann hafði, áður en hann varð kynþroska, og að ekki borgi sig að ala fisk yfir kynþroskatímabil, sérstaklega eins smáan og í tilfelli Árlax hf. Það er því mat dómsins, að ekki sé raunhæft að líta á kynþroska fisk í lok nóvember 1989 sem fullgott hráefni til framleiðslu 3 kg matfisks sumarið 1990. Er því fallist á verðmætamat Jóns Kristjánssonar á kynþroska fiski, NOK 9 hvert kíló, enda hefur mati hans að þessu leyti ekki verið hnekk.

Önnur atriði en að framan greinir í mati Jóns Kristjánssonar hafa ekki sætt andmælum og því á þeim byggt.

Samkvæmt framansögðu telst bótaskyلت tjón stefnanda eftirfarandi:

Tjón 29. ágúst 1989.

Samkvæmt framansögðu er fallist á útreikning stefnanda á heildarverðmæti í stöðinni á tjónsdegi, NOK 2.450.480. Af þeirri heildarþjárhæð reiknast eigin áhætta 25% eða NOK 612.620.

Allur fiskur í tönkum E og F glataðist	
að verðmæti	NOK. 1.292.931
Verðmæti þess, er bjargað var	-40.048
Viðbótarkostnaður vegna slátrunar	9.900
Frá dregst eigin áhætta 25%	<u>-612.620</u>
Bótaskyلت tjón	NOK 650.163

Tjón 20. nóvember 1989.

Tankur	Eining	Flokkur	NOK	Magn NOK
A	88 gr	11.328	10,69	121.096
G	1–2 kg	5.382,9	31,46	169.346
G	2–3 kg		34,60	161.496
G	Kynþroska fiskur	6.179,5	9,00	<u>55.616</u>
		507.554		
	Eigin áhætta 25% af heild			126.889
	Allur fiskur í tanki G glataðist, að verðmæti			386.458
	Frá dregst sjálfsábyrgð			126.889
	Bótaskyلت tjón			259.569

Útreikningi stefnda á iðgjaldaskuld Árlax hf. á dskj. nr. 10 hefur ekki verið mótmælt, en þar eru iðgjöld reiknuð í norskum krónum og miðað við gengi 9.3306. Hinn 11. janúar 1989 nam skuld Árlax hf. að frádregnum innborgunum NOK 722.721,40 auk 80.000,00 ísl. kr. eða samtals 6.823.424 ísl. kr.

Í kröfugerð sinni miðar stefnandi við gengi norskrar krónu 9.2987, og hefur því ekki verið mótmælt. Samkvæmt framansögðu reiknast því tjón Árlax hf. 29. ágúst 1989 miðað við umrætt gengi 6.045.671 í íslenskum krónum og tjón 20. nóvember 1989 2.413.654 kr. eða samtals 8.459.325 ísl. kr.

Sé iðgjaldaskuld Árlax hf. skuldajafnað við bótagreiðslur til félagsins, sbr. það, sem áður er rakið, er inneign Árlax hf. hjá stefnda 1.635.091 ísl. kr., og verða kröfur stefnanda teknar til greina með þeirri fjárhæð.

Eftir þessari niðurstöðu málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 350.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Loga Jónssyni lífeðlisfræðingi og Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingastærðfræðingi.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Landsbanka Íslands vegna Samvinnubanka Íslands hf. f. h. þrotabús Árlax hf., 1.635.901 kr. með dráttarvöxtum skv. 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. desember 1989 til 6. maí 1993, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 350.000 kr. í málskostnað.

---